

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmálasamtaka.

Við alþingiskosningar 20. apríl 1991 buðu eftirtalin stjórnmálasamtök fram lista og voru listarnir merktir sem hér segir:

- A Alþýðuflokkur - Jafnaðarmannaflokkur Íslands
- B Framsóknarflokkur
- D Sjálfstæðisflokkur
- E Verkamannaflokkur Íslands
- F Frjálslyndir
- G Alþýðubandalag
- H Heimastjórnarsamtökin
- T Samtök öfgasinnaðra jafnaðarmanna
- V Samtök um kvennalista
- Z Grænt framboð
- Þ Þjóðarflokkur - Flokkur mannsins

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. febrúar 1995.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

3. febrúar 1995

Nr. 101

GJALDSKRÁ

um fráveitugjald á Dalvík.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Dalvíkur sem liggja við vegi, götur eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarins liggja, þar með taldar rotþrær sem Dalvíkur-bær tekur þátt í að byggja, skal greiða árlegt fráveitugjald og skal því m.a. varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Upphæð fráveitugjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða og 0,36% af fasteignamati atvinnuhúsnaðis og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Bæjarstjórn er heimilt fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka fráveitugjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytis.